# EFTIRLITSSKÝRSLA

**Skeljungur Bolungarvík**

UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 5.8.2015 | **Fulltrúi UST** | Gottskálk Friðgeirsson |
| **Fyrirtæki** | Skeljungur | **Fulltrúi UST** | |
| **Heimili** | Borgartún 26 | **Tegund eftirlits** | Reglubundið |
| **Kennitala** | 5902691749 | **Flokkur** | Olía |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Gunnar Bjarni Ólafsson | **ÍSAT nr.** | 51.51.0 |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | | **Staðsetning** | 308595,844 634793,349 |

**NIÐURSTAÐA EFTIRLITS**

Við eftirlit fannst ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

**UMFANG EFTIRLITS**

Eftirlitið hófst á fundi og farið var yfir rekstrarhandbók og mánaðarblöð fyrir stöð Skeljungs hf. í Boungarvík. Ekki eru gerðar athugasemdir við skráningar í stöðinni.

Stöðin stendur tóm og ónotuð eftir að rekstraraðili flutti birgðahald sitt yfir á Ísafjörð. Rekstraraðili skilaði inn skýrslu vegna rekstrarstöðvunar seint á síðasta ári. Þar kemur fram að geymar standa tómir og mannop þannig að lofti um geymana. Lagnir eru frátengdar og tómar. Löndunarlagnir frá bryggju og upp í olíubirgðastöðina voru rifnar á síðasta ári og fjarlægðar af Furu ehf. málmendurvinnslu. Olíuskilja hefur verið hreinsuð og kvittun þar um hjá Umhverfisstofnun. Húsum er læst og girðingar og hlið þannig að óviðkomandi séu ekki á ferð í stöðinni.

Á meðan olíubirgðastöðin er með gilt starfsleyfi skal hafa eftirlit mengunarvörnum stöðvarinnar og skrá niðurstöður á þarf til gerð mánaðarblöð Skeljungs hf.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Gengið var um olíubirgðastöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró), olíuskilja og fráveitumál.
Girðingar og hlið voru í góðu lagi.

**ATHUGASEMDIR**

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 13.08.2015

Gottskálk Friðgeirsson

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.